

# Safn lánþegans fær millisafnalánabók í pósti

03.11.2022

## Útdráttur

Skref 1. Fara í „Útsendar MSL-beiðnir“ og velja „Receive“ í þrípunktunum.

- Passa að vera skráður á rétt útlánaborð skv. beiðni
- Prenta miða sjálfkrafa
- Haka við láta lánþega sjálfkrafa vita
- Nota tímabundna strikamerkið sem kerfið býr til

Skref 2. Festa miða sem prentast út á bók, helst yfir upprunalegt strikamerki bókar.

Skref 3. Lána lánþega með (RS-354ILC...) strikamerki, **aldrei** nota upprunalegt strikamerki. Rukka lánþegann um gjaldið sem verður til á kortinu hans.

Skref 4. Bók er skilað, skanna inn í skilaglugga (RS-354ILC...) strikamerki


Skref 5. Pakka inn og senda eintak til baka

## Ítarlegt



Bók kemur á safn

Þegar bókasafn hefur fengið bók í pósti sem á að fara í millisafnalán þarf starfsmaður að byrja á því að skoða „Útsendar MSL-beiðnir“ undir útlán.

Beiðnin ætti að vera með stöðuna „Sent á áþreifanlegan hátt“.



The screenshot shows a library system interface. On the left, there is a book entry with the following details:

- 1
- 
- Vinjettur = Vignettes.
- by Ármann Reynisson
- Bókasafn Akraness
-  Sent á áþreifanlegan hátt

On the right, a context menu is open, showing the following options:

- Edit
- View local resources
- View network resources
- Duplicate
- Send query to patron
- Receive
- General message
- Status Query
- Assign to
- Upload file
- Edit shipping cost

**Athugið:** Það þarf að muna að haka við já í „Prenta miða sjálfkrafa“ þar sem tímabundið strikamerki er á miðanum sem þarf að nota í staðinn fyrir strikamerkið sem er á bókinni.

Hér er einnig hægt að haka við að „láta lánþega sjálfkrafa vita“ og þá fær lánþegi póst um að bókin hafi verið móttokin og sé tilbúin til útláns á því bókasafni sem hann vildi sækja eintakið. (Ef starfsmaður er skráður á það útlánaborð sem lánþegi vildi sækja bókina á).

Það er hægt að velja „Reglur eintaks“ en það þarf ekki þar sem að eintakið lánast sjálfkrafa í mánuð ef reitur er tómur.

Einnig er hægt að breyta „Kostnaður við móttöku“ en sá reitur fyllist sjálfkrafa út miðað við útlánareglur í kerfinu. Þær stillingar verða fínstilltar síðar.



Tímabundið strikamerki sem kerfið hefur myndað verður að vera óhreyft.

Þegar búið er að fylla allar upplýsingar út skal smella á „Áfram“.

Titill	Vinjettur = Vignettes.	
Ytra auðkenni	354ILCALM0000054	Prenta miða sjálfkrafa <input type="radio"/> Nei <input checked="" type="radio"/> Já
Móttekið snið	<input checked="" type="radio"/> Áþreifanlegt <input type="radio"/> Stafraent	Láta lánþega sjálfkrafa vita <input checked="" type="checkbox"/>
	<input type="radio"/> Áþreifanlegt gagn sem ekki er hægt að skila	
Reglur eintaks	<input type="text"/>	Staðsetning <input type="text" value="Resource Sharing"/>
Athugasemd með útláni	<input type="text"/>	Skiladagur <input type="text" value="02/12/2022"/>
Innri athugasemd	<input type="text"/>	Athugasemd til samstarfsaðila <input type="text"/>
Sendingarkostnaður	<input type="text" value="0,00"/> ISK	
Sjóður	<input type="text"/>	
Kostnaður við móttöku lánþega	<input type="text" value="1500,00"/> ISK	
Kostnaður við beiðni lánþega	<input type="text" value="0,00"/> ISK	
Eingöngu til notkunar í lestrarsal	<input type="checkbox"/>	
Mörg eintök	<input type="checkbox"/>	
Tímabundið strikamerki *	<input type="text" value="RS-354ILCALM0000054"/>	

Þegar miði hefur prentast út skal festa hann við bókina svo að upplýsingarnar sem eru á honum týnast ekki. Það er best að festa miðann yfir strikamerkið sem er nú þegar á bókinni til þess að sporna gegn því að upprunalega strikamerkið verði óvart skannað.

Nú er beiðnin með stöðuna „Áþreifanlegt eintak mótttekið á bókasafni“ þegar búið er að endurhlaða síðuna.

 **Vinjettur = Vignettes.**  
by Ármann Reynisson  
Bókasafn Akraness  
 **Áþreifanlegt eintak mótttekið á bókasafni**

Nú sést beiðnin undir „Virk frátektarhilla“ undir útlán þar sem bókin bíður eftir því að vera sótt af lánþega.

Kerfið hefur einnig búið til tímabundna bókfræðifærslu fyrir eintakið þannig að það er eins og bókasafnið eigi til eintak af bókinni. Safndeildin er skráð sem RS (resource sharing) og færslan er með auga við hliðina á sér sem þýðir að hún komi ekki upp á leitir.is. Þessi færsla mun svo hverfa þegar lánþegi hefur skilað eintakinu.

 **Vinjettur = Vignettes.**  
**Bók (Bók – áþreifanleg)** Eftir Ármann Reynisson (Reykjavík : Ár-Vörubing, 2009)  
Búið til: 01/11/2022 11:48:14 GMT  
Breytingardagsetning: 02/11/2022 09:48:22 GMT




Áþreifanlegt (1)

1 Forði | 0 af 1 eintökum eru tiltæk

Bókasafn	Staðsetning
OLFAS	RS



### Lánþegi fær lánað

Þegar lánþegi er kominn á safnið til þess að fá bókina lánaða skal fara í „Umsjón með lánþegaþjónustu“ og skanna kort lánþegans. Lánþegi er nú þegar kominn með gjald fyrir millisafnalánið.

1.	<input type="checkbox"/>	03/11/2022	Móttökugjald millisafnaláns	Auðkenni beiðni: 354ILCALM0000054	Bókasafn Ölfuss	Vinjettur = Vignettes.	RS-354ILCALM000...	1.500,00 ISK	1.500,00 ISK	
----	--------------------------	------------	-----------------------------	-----------------------------------	-----------------	------------------------	--------------------	--------------	--------------	---

Nú þarf að passa að skanna inn rétt strikamerki. **Aldrei** skal skanna inn alvöru strikamerkið á bókinni. Það þarf að passa að skanna inn strikamerkið sem kerfið bjó til fyrir millisafnalánið (RS-354ILC...).

Þegar eintakið hefur verið lánað út fær beiðnin stöðuna „Eintak lánað til lánþega“ undir „Útsendar MSL-beiðnir“.

1   **Vinjettur = Vignettes.**  
by Ármann Reynisson  
Bókasafn Akraness  
 **Eintak lánað til lánþega**

## Lánþegi skilar

Þegar lánþegi skilar eintakinu aftur á safnið þarf að fara í skilagluggann og passa að skanna inn tímabundna strikamerkið (RS-354ILC...). Þá kemur upp gluggi sem segir hvert bókin á að fara.

Endastaður eintaks er:	
Endastaður eintaks er:	<b>Kerfi – Bókasafn Akraness Beiðni</b> 354ILCALM0000054
<a href="#">Í lagi</a>	

Þá fær beiðnin stöðuna „Eintaki skilað til samstarfsaðila“ undir „Útsendar MSL-beiðnir“.



Vinjettur = Vignettes.  
by Ármann Reynisson

Bókasafn Akraness

🕒 Eintaki skilað til samstarfsaðila

Tímabundna bókfræðifærslan er einnig horfin.

Nú þarf einungis að pakka eintakinu inn og setja það í póst til heimasafnsins.